



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.). – ATRN25060309.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Atvinnuvegaráðuneytið.
Innleiðing EES-gerðar?	☒ Já – innleiðing að hluta til ☐ Nei
Dags.	13.nóvember 2025.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Áformað er að gera breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, en breytingarnar eru þríþættar.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á stærðarmörkum í lögnum. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2775 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34 að því er varðar stærðarviðmið fyrir örfyrirtæki, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki eða samstæður. Stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga eru nú þau sömu og innan EES og er með frumvarpinu verið að hækka þau til samræmis við breytingar innan ESB. Einnig verður farið yfir endurskoðunarmörkin í lögum um ársreikninga.

Í öðru lagi er um að ræða breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Er verið að leggja til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningi fyrir á árinu en minni félög og lengja skilafrestinn fyrir örfélög.

Í þriðja lagi er um að ræða innleiðingu á tilskipun (ESB) 2021/2101 um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar upplýsingagjöf tiltekinna fyrirtækja og útbúa um tekjuskattsupplýsingar kveður á um skyldu um að útbúa skýrslu með tekjuskattsupplýsingum og birta opinberlega.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Breytingarnar, innleiðingar á Evróputilskipunum og breytingin á skilum á ársreikningum til opinberrar birtingar, kalla á breytingu á lögum um ársreikninga.

Stærðarviðmið í lögnum færð í samræmi við. Tímanleg skil ársreikninga til opinberrar birtingar er mikilvægur liður í gagnsæi viðskiptalífsins og lagt er til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili fyrir ársreikningi til opinberrar birtingar. Einnig, með áherslu á gagnsæi, er tilskipun ESB um skyldu til þess að skila skýrslu um tekjuskattsupplýsingar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, innleidd.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Til skoðunar er að tímamörk til að skila ársreikningum verði færð til þannig að kerfislega mikilvæg félög og stærri félög skili ársreikningum til opinberrar birtingar fyrir en örfélög fái rýmri frest miðað við núverandi skilafresti.

Gert er að endurskoða stærðarmörk laganna reglulega og er nú verið að uppfæra stærðarmörkin í samræmi við tilskipun ESB en um er að ræða um 25% hækkun viðmiðunarfjárhæða miðað við lögín í dag.

Upplýsingaskýrsla um hvar tekjuskattur er greiddur er tilskipunarákvæði sem ekki hefur áður verið lögbundin hér á landi og þarf því að innleiða tilskipun (ESB) 2021/2101 í lög um ársreikninga þar sem tilskipunin er breyting á ársreikningatilskipun ESB.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur m.a. fram að á kjörtímabilinu verði unnið að hagstæðum rekstrarskilyrðum fyrirtækja. Einnig kemur þar fram að utanríkisstefna skuli m.a. byggja á náinni samvinnu við Evrópusambandið.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu stuðla að heilbrigðu og samkeppnishæfu viðskiptalífi, sem og að því að tryggja að löggjöf sé skýr og skilvirk. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að breyta viðhorfi og skilningi viðskiptalífsins á mikilvægi tímanlegrar birtingar og gagnsæis fjárhagsupplýsinga félaga með takmarkaða ábyrgð og eru breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu m.a. liður í þeirri vinnu. Einnig er mikilvægt að þeir sem koma að vinnu við gerð og endurskoðun fjárhagsupplýsinga félaga hafi svigrúm og tíma til að sinna þeim verkefnum.

Markmið með endurskoðun á stærðarmörkum er auk innleiðingar á tilskipun ESB að félög séu samkeppnishæf á erlendum mökuðum og að ekki séu settar of íþyngjandi kvaðir á smæstu félögin.

Markmiðið með upplýsingarskýrslu varðandi hvar tekjuskattur sé greiddur er að auka gagnsæi í viðskiptalífinu með opinberri birtingu tekjuskattsupplýsinga stórra fjölþjóðlegra samstæðna.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef tilskipun ESB nr. 2023/2775 yrði ekki innleidd í íslenskan rétt væri það brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og hefði þau áhrif að regluverk hér á landi yrði ekki sambærileg regluverki annarra EES-ríkja. Einnig myndi stærðarviðmið íslenskra fyrirtækja vera lægri en í EES-ríkjunum sem leiðir til þess að regluverk fyrir smærri fyrirtæki yrði meira íþyngjandi hér á landi en í nágrannaríkjunum.

Ef tilskipun ESB nr. 2021/2101 yrði ekki innleidd í íslenskan rétt væri það brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og hefði þau áhrif að regluverk hér á landi yrði ekki sambærileg regluverki annarra EES-ríkja. Þá væri gagnsæi um tekjuskatt stórra fjölþjóðlegra fyrirtækja ekki það sama hérlandis og í öðrum EES-ríkjum.

Verði ekki gerðar breytingar á tímamörkum skilum ársreikninga til opinberra birtingar verða skilafrestir óbreyttir en með breytingunum er verið að koma á móts við ábendingar frá endurskoðendum um að dreifa álagi skila yfir lengri tíma, létta álögur á allra minnstu félögin en fá upplýsingar fyrir stærri félög.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Önnur úrræði en lagasetning koma ekki til álita miðað við úrlausnarefnið og markmiðin eins og þeim er lýst í lið A og B hér að framan. Skilafrestir ársreikninga til ársreikningaskrár eru lögbundnir og ef gera á breytingu á þeim verður lagasetning að koma til. Sama á við um stærðarmörk félaga og endurskoðunarmörk í lögum um ársreikninga.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Breytingarnar sem um ræðir kalla á breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga aðrar leiðir koma ekki til álita.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Í fyrsta lagi eru áformaðar breytingar á 2. og 3. gr. laga um ársreikninga þar sem er að finna stærðarmörk félaga og skilum með „hnappnum“ auk IX. kafla laganna varðandi endurskoðun og yfirferð ársreikninga og stærðarmörk endurskoðunarskyldunnar. Einnig eru áformaðar breytingar á X. kafla ársreikningalaga en þar er að finna tímamörk skila ársreikninga til opinberrar birtingar. Þá er áformað að inn í lögin komi nýr kafli á eftir X. kafla þar sem upplýsingar um tekjuskattsskýrsluna komi fram. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Sjá lið 1.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Já, áformin koma inn á svið þjóðréttarskuldbindinga en m.a. er um innleiðingar á tilskipunum ESB er að ræða. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Helstu hagsmunaaðilar eru félögin í landinu en samráð við þau félög fer fram í gegnum hagsmunasamtök atvinnurekenda, m.a. Samtök atvinnulífsins, Félag atvinnurekenda, og Viðskiptaráð Íslands. Helstu hagsmunaaðilar eru einnig ársreikningaskrá, Félag löggiltra endurskoðenda (FLE), Félag bókhaldsstofa og Félag viðurkenndra bókara. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Samráð er þegar hafið við FLE og ársreikningaskrá. 4. Fyrirhugað samráð Drög að frumvarpinu verður kynnt í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Áformin fela hvorki í sér breytingar á tekjum eða gjöldum ríkissjóðs. Gangi áformin eftir er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhagsáhrifum fyrir ríkissjóð vegna innleiðingarinnar.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenníngur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Verði er að gera breytingu á framkvæmd skila á ársreikningum og verður að gera ráð fyrir áhrifum á framkvæmdina hjá ársreikningaskrá og verður það þá metið í frumvarpsvinnunni. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Á ekki við. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum